



**Keilir**

Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

## Eðlisfræði 2 (EÐL3A06)

### Háskólabrú

#### Áfangalýsing

Farið verður í helstu atriði sveifluhreyfingar og bylgna, varmafræði, raffræði og ljósfræði.

#### Forkröfur

Eðlisfræði 1.

#### Þrep

Áfanginn er á 3. þrepi.

#### Einingafjöldi

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

#### Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Sveifluhreyfingu og bylgjum:** Einföld sveifluhreifing, langbylgjur og þverbylgjur, öldulengd, tíðni og útslag, skautun bylgja, endurvarp frá fastri og lausri fyrirstöðu.
- Varmafræði:** Varmi og hiti, hitamælar, Kelvinvarðinn. Kjörgas, samband þrýstings í gasi og meðalskriðorku gassameinda, ástandsþarfna lofttegunda. Fyrsta lögmál varmafræðinnar, varmarýmd, eðlisvarmi, bræðslu- og gufunarvarmi og varmamælingar. Annað lögmál varmafræðinnar, varmavélar, kælivélar og nýtni varmavéla. Veitt er innsýn í nýtingu jarðvarma á Reykjanesi, frá iðrum jarðar að raforkuframleiðslu.
- Raffræði:** Rafhleðsla, rafkraftar, rafkraftalögmál Coulombs, rafsvið, leiðarar og einangrarar, rafstraumur, spenna í rafsviði, frumhleðslan. Lögmál Ohms, viðnám, leiðni, eðlisviðnám, hitastigull, ofurleiðni. Einfaldar rafrásir.

- Ljósfræði: Ljósgeislar, speglun, ljósbrot, brothlutfall og brotstuðull, lög mál Snells, alspeglun, ljóstvístrun, lög mál Fermats, safnlinsa, linsujafna, raun- og sýndarmyndir og sjónauka.

#### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- rökrænni framsetningu, notkun eðlisfræðilög mál og nákvæmum úrvinnsluaðferðum
- að beita viðeigandi mælingum, velja og nota þau hugtök og mælieiningar sem best henta hverju sinni, sýnt nákvæmni í vinnubrögðum og metið óvissu á mælistærðum
- að skrá á skipulegan hátt framgang vinnu sinnar með endurtekningu og úrvinnslu tilraunarinnar í huga, svo og kynningu niðurstaðna
- að nota tölfræðilega framsetningu, s.s. töflur, og myndrit, til þess að varpa ljósi á hugmyndir sínar, ályktanir og niðurstöður.

#### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- takast á við krefjandi framhaldsnám, s.s. í raungreinum, læknisfræði, stærðfræði, verkfræði og hagfræði
- skilja mikilvægi rannsókna í eðlisfræði, áhrif þeirra á söguna og þróun hennar
- átta sig á notagildi greinarinnar miðað við íslenskar aðstæður og sem undirstöðu undir áframhaldandi nám, samfélagsþáttöku og fjölbreyttan starfsvettvang

#### **Námsmat áfangans**

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til loka einkunnar.